

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/519 að því er varðar 22. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 22).

#### 1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2018, frá 21. september 2018, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur), skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka sammingsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum sammingsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/519 frá 28. mars 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar 22. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 22).

#### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/519 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 64/2018, 27. september 2018, bls. 369.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er að eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðu-reikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. september 2018.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Harpa Theodórsdóttir.*